

160
26. júl.

völlum fyrir 100 álna landsskuld og 40 álna kúgildaleigur; þannig að ábúandinn sje skyldur, þegar ábúðin er úti, að afhenda í leigufæru standi meðal annars hús þau, er jörðunni fylgja, og að hann hið allra fyrsta komi upp gripheldri girðingu kring um tún jarðarinnar og síðan haldi henni tilhlýðilega við.

161 — Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um 26. júl. búnaðarskólann á Hólum. — Með brjefi 12. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um 300 kr. styrk til búnaðarskólans á Hólum af fje því, sem með fjárlögnum er veitt þ. á. til eflingar búnaði samkvæmt tilögum amtsráðsins. Jafnframt hafið þjer getið þess, að af brjefi sýslumannsins, er bænarskránni fylgdi, sjáist, að sýslunefndin ætli styrk þennan einkum til að veita af honum 50 kr. hverjum námspilti, er á búnaðarskólann gengur, en hver þeirra á að gefa 100 kr. með sjer þar á ári; gjörir áminnzt brjef sýslumannsins ráð fyrir, að nemendur verði að eins 4 þetta ár. Hefir amtsráðið álitid, að fjárstyrkur sá, er veittur yrði þannig af landsjóði, ætti eigi að nema meiru en helmingi af því, sem varið verður alls til styrks nemendum, og hefir því lagt það til, að veittur verði í þessu skyni 100 kr. styrkur.

Þessari tillögu amtsráðsins er jeg samþykkur og veiti því Skagafjarðarsýslu 100 kr. styrk af nefndu fje til umgetins búnaðarskóla.

Þetta tjái jeg yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

162 — Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um 26. júl. umliðun á þjóðjarðagjöldum. — Út af brjefi yðar, herra amtmaður, frá 13. þ. m., vil jeg tjá yður, að jeg finn ekkert verulegt við það að athuga, þó umboðsmaður Möðruvallaklausturs veiti sökum vorharðindanna hinum efnaminustu landsetum á jörðum tjeðs umboðs umliðun á landsskuldum þeim, sem á fallnar eru í næstliðnum fardögum, þangað til í næstkomandi haustkaupitð eða fjártökutíð. Þar á móti sje jeg mjer ekki fært að veita almennan frest með að borga hinar áföllnu landsskuldir og, verður að gjöra út um það sjerstaklega fyrir hvern einstakan landseta, hvort dráttur hans á að greiða landsskuld sína verði talinn honum til ábyrgðar eða ekki.

163 Brjef landshöfðingja til *beggja amtmanna*¹ um landamerki þjóðjarða. — Í landamerkjalogum 17. marz þ. á. er svo fyrir mælt, að landeigandi hver sje skyldur til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni, og að umsjónarmenn þeirra jarða, sem ekki eru einstakra manna eign, hafi og sömu skyldu að gæta, að því er til slíkra jarða kemur. Fyrir því vil jeg nú skora á yður, herra amtmaður, að því er kemur til umdæma þeirra, er yður er fyrir trúað, að þjer leggið fyrir umboðsmenn landssjóðsjarða og annara jarða í umdæmi yðar, sem eigi eru einstakra manna eign, en tilheyra sveitarfélögum, almennum sjóðum og öðrum stofnunum, — þó að frá skildum prestsetrum og kirkjujörðum, því um þær hefir stiptyfirvöldunum verið boðið að annast, svo sem nauðsyn til beri — að þjer gjöri ráðstafanir þær til framkvæmdar fyrirmælum tjeðra laga, er nauðsynlegar eru, samkvæmt þeim frekari reglum, sem í lögnum eru gefnar.

1) Sama dag var ritað stiptyfirvöldunum á sömu leið um landamerki prestsetra, kirkjujarða og þeirra bóndajarða, er kirkjur standa á eða sem prestmötu eiga að gjalda.